

# ÍSLENSK STEFNA OG NORRÆN

Genie für Wahnsinn anzunehmen, ist so ungefähr die schädlichste und die schändlichste aller Dummheiten.

## *Formáli*

Ritgerð, eins og sú, sem hér fer á eftir, er sprottin af áhuga á að koma högum Íslendinga í allt annað horf. Og hiklaust mundi ég veðja þar höfði mínu, að oss mun takast það, ef Íslendingar vilja vera með mér. Ég vil að hér verði höfðingjapjóð, í bestu merkingu orðsins, eins og ætt er til, en ekki höfðingjalaus þjóð, sem ekki trúir á sjálfa sig, eins og nú er. Ég kalla, að þá þjóð vanti höfðingjann, sem sjálfstæði hefir fengið með ekki betri kjörum, en orðið er, eftir slíkar ástæður sem hafnbannið danska skapaði þjóðinni um 200 ár, og lengur þó. Er það of mikið vantraust á danskri menningu, og góðum mönnum þeirrar þjóðar, að ætla, að ekki fáist úr því auðlandi fébætur þær, sem þarf, til þess að gera úteyju vora byggilega, ef það mál er rétt upp tekið og vel fram fylgt. En ég kalla, að Íslendingar trúi ekki á sjálfa sig, meðan þeir ímynda sér, að til séu útvaldari þjóðir.

Sumt sem hér segir í ritgerðinni, mun verða mönnum ljósara, þegar þeir lesa bók sem Nýall heitir og von er á bráðlega. Nýall þýðir: sá, sem flytur hið nýja. Því að þótt sumt sé í þeirri bók ekki ólíkt því sem ritað hefir verið í Japan þessi síðustu ár, þá er aðalmálið þannig, að aldrei hefir verið áður á jörðu hér vitað svo og ritað. Íslendingar ættu að hugleiða betur en þeir hafa gert, hvers virði það muni vera íslenskri framtíð, að eitthvað er hér á vorri erfiðu

úteyju fremst vitað um aðalatriði tilverunnar. En þegar þeir hafa hugleitt það nógu vel, munu þeir skilja, að það er ekki af tóMRI eigingirni, sem mér er mikill hugur á að fá þá í lið með mér.

Ýmsir munu furða sig á því, að maður, sem ekki er í neinni umgerð auðs eða stöðu, skuli rita eins og hann sé eitthvað mikið. En það geri ég, af því að ég ætla mér að stefna sem beinast gegn þeirri tilfinningu, sem meðal Íslendinga er of mjög ráðandi gagnvart Íslendingum. Lítilsvirðing heitir hún, og er einkenni þjóðar, sem trúir ekki á sjálfa sig, þjóðar, sem átt hefir aðra eins 14. öld og aðra eins 17. öld, eins og Íslendingar hafa átt. Reyni ég þannig vini mína, eða réttara sagt, hverjir líklegir eru til að vilja vera vinir mínir og íslensks málstaðar, eftir því sem mér virðist hann vera. Og áður lýkur, munu margir vera orðnir á því máli, að vér Íslendingarnir séum þó nokkru meiri háttar menn en haldið hefir verið.

## I

Á 17. öldinni voru það Danir, sem höfðu forustu hins andlega lífs á Norðurlöndum. Ole Römer, ágætur maður, fann að ljósið þarf tíma til að komast um geiminn, og mældi ljóshraðann. Og Nikulás Stenó, maður ennþá ágætari, var einn af aðalhöfundum líffærafræði og jarðfræði.

Hjá Svíum var forusta hins andlega lífs á 18. öld. Þá var uppi hinn mikli Linné, grasa- og dýrafræðingur; efna- og steinafræðingurinn Torbern Bergman; Scheele, einn af mestu mönnum efnafræðinnar; og síðastur en ekki sístur Swedenborg, einn af menntuðustu mönnum sinnar aldar, líffærafræðingur og námufræðingur. Fór þessum merkilega Svía líkt og Stenó hafði farið á öldinni á undan. Þegar fór að líða á ævi hans, sneri hann sér meir að himinspekinni en heimspekinni, svo að ég noti orðtæki Björns Halldórssonar, þar sem hann ritar um Eggert Ólafsson. Gerðist Swedenborg trúfræðingur og trúarhöfundur slíkur, að aldrei hafði merkilegar verið ritað um trúarbrögð á jörðu hér, en hann gerði. Færði þessi sannnefndi goðorðsmaður trúna nær náttúrufræði en áður hafði verið, þó að ekki kæmist hann



á vísindaleiðina. Var ekki við slíku að búast á þeirri öld, og ekki af manni, sem trúði meir á Krist en Baldr og mat meir hebreskar fornbókmenntir en norrænar.

Á 19. öldinni er forustan komin til Norðmanna. Þarf ekki annað en nefna Treschow, og Abel, sem dó svo ungur. Helland, Andr. M. Hansen og Brögger eru með fremstu jarðfræðingum aldarinnar; Fridtjov Nansen og Roald Amundsen verða mestir ferðamenn; Birkeland og Eyde gera það stór-norræna bragð að ná Mjöllni og beita honum eins og frægt er orðið. Er það stórvirki miklu meira en að leggja undir sig lönd og lýði, að sýna slík tilþrif í að snúa öflum náttúrunnar til þjónustu við mannkynið.

(Hamar Þórs hét ekki Mjöllnir heldur Mjöllnir, og er það nafn leitt af því hvað eldingin er björt, sú er Þórr hefir að vopni).

## II

Á 13. öldinni var forustan í andlegum efnum hér á Íslandi. Á þessari öld Hohenstáfanna og Hróðgeirs Bákna gera Sturlungar hina stórmerkilegu og vanþökkuðu tilraun sína til þess að bjarga sjálfstæði Íslands og norrænni menningu. Eins og Hohenstáfarnir biðu Sturlungar ósigur, en þó ekki til fulls. Rit þeirra lifðu eftir þá, og voru ósigrandi. Hvorki fyrr né síðar hefir saga verið rituð eins og Sturlungar gerðu. Aldrei hefir mannlegt mál verið ritað af meiri snilld en er á Egils sögu eða goðasögu Snorra eða Njálu. Með söguritun sinni, sem engan veginn má leggja að jöfnu við skáldsagnaritun, sýndu Íslendingar best, að þeir voru úrvalsþjóð. Aðalsskrá, önnur eins og Landnáma, er ekki til á jörðu hér. Og engin samtíðarsaga sýnir betur en Sturlunga, er ég hygg að einn af ágætustu Íslendingum, Þórður hinn rammi Sighvatsson, eigi upptökin að, það aðalsmark, sem heitir sannleiksást.

Sturlungar biðu ósigur af því að öldin var of ófriðsöm og of ófróð. Og of margir af Íslendingum sjálfum snerust á móti þeim og íslenskum málstað.

### III

Norræn menning hefir beðið ósigur á Norðurlöndum. Allsstaðar nema á Íslandi er málið sem táknar hámarkið í tungumálaframsókn mannkynsins, liðið undir lok. Hin ágæta norska og sænska alþýða nýtur sín ekki fyrir málleysum og málleysi. Og nokkuð líkt má jafnvel segja um danska alþýðu. En þó er ritmálið skást hjá Dönnum, þeirri Norðurlandapjódinni sem á síðari öldum hefir mest mök haft við Íslendinga. Og þetta er engin tilviljun. Jón Eiríksson kemur mikið við þá sögu og margir aðrir sem vert væri að nefna. Er hér vikið að miklu og merkilegu starfi sem vér Íslendingar getum unnið Norðurlöndum til gagns og verðum að vinna. Vér verðum að sýna fram á, að þar liggur við heill og heiður Norðurlanda, að endurreist verði sú tunga, sem í fornöld var nefnd norræna og dönsk tunga og sænska. Og ef rétt er að farið mun sú endurreisn verða stórum auðveldari en nú er haldið. Það eru meiri menjar hins forna máls í norrænum hugskotum en ætla mætti af því hvernig ritað er.

### IV

Enginn má ætla, að vér Íslendingar höfum farið að byggja þetta erfiða land til þess eingöngu, að oss skyldi fara hér aftur, meir en öðrum Norðurlandabúum. Meira býr þar undir, eins og þegar var á vikið. Þessari útvöldu þjóð — því að Íslendingar voru einmitt það sem prófessor Macmillan Brown (Godfrey Sweven) í sinni ágætu framtíðarlýsingu nefnir a selfselected people — er alveg sérstakt hlutverk ætlað, það hlutverk að bjarga norrænum málstað. Og að vísu er það ennþá stærra hlutverk en í fyrstu virðist; liggur þar við framtíð alls mannkyns hversu tekst. Ég minntist áðan á þýðingu þess að vér höfum varðveitt málið og málvendnina. Og því skylt er það sem nú segir. Hér á landi, þar sem best hefir verið rituð mannkynssaga, hefir fyrst náðst það yfirlit, sem þurfti til að gera sér grein fyrir því, að toppur mannkynsins er að visna. Hér hefir það skilist fyrst, að framsóknarleiðirnar eru tvær (the infernal line and the life



line of evolution) og að mannkyn jarðar vorrar er á þeirri leiðinni sem til glötunar liggur.

Og ekkert sýnir betur gildi hins besta máls fyrir mannlega hugsun en það, að íslenskan heila þurfti til þess að gera þá uppgötvun, sem verður upphaf hins mikla sambands, þá uppgötvun, sem þarf til þess að komist verði af vítis-leiðinni á lífsins leið, einmitt þá uppgötvun, sem svo margir hafa haft hugboð um að væri í vændum, þó að enginn hafi rennt grun í hver hún mundi vera, af því að trúarhugmyndirnar trufluðu fyrir þeim.

Það sem Stenó tókst ekki á 17. öld; það sem Swedenborg tókst ekki á 18. öld, og Reichenbach ekki á hinna 19., það hefir á 20. öldinni tekist hér á Íslandi. Á 20. öldinni er broddur hins andlega lífs hér hjá oss, þó að hvergi sé á Norðurlöndum jafn erfitt að verða vísindamaður og vera það, og á Íslandi er.

## V

Á tíundu öld var vaxtarbroddur mannkynsins á Íslandi. Hvergi var hárið gulara eða augun blárri. Hvergi voru drengilegri menn eða fríðari konur. Hvergi var snjallar kveðið eða betur talað.

En Íslendingar brugðust íslenskum málstað. Þeir gerðu Gunnar útlægan og drápu hann. Þeir drápu Kjartan. Þeir drápu Gretti eftir langa útlegð og erfiða.

Á 13. öldinni var enn vaxtarbroddur mannkynsins á Íslandi. Hvergi voru drengilegri menn eða fríðari konur. Hvergi var betur talað eða snjallar kveðið. Aldrei hefir saga verið rituð eins og þá. Aldrei fyrirmannlegri veisluskemmtun en hjá Snorra Sturlusyni, þegar hann sagði gestum sínum af guðum forfeðranna, eða af ferðum og kvæðum Egils.

En Íslendingar brugðust aftur. Þeir snerust móti þeim mönnum mest, sem þeir áttu mest að styðja. Ritlaunin fyrir Eglu og Njálu voru goldin með íslenskum öxarhöggum og spjótalögum.

Og nú reynir enn á Íslendinga. Og að vísu svo að ekki er auðvelt. Þessi tilraun sem hér getur, þessi tilraun sem er

nokkurs konar framhald af tilraun Sturlunga til að bjarga norrænum málstað, styðst nú ekki við atgervi slíkt sem áður; fremur er hér þreyta nær til þjáningar og lítill máttur. Hefir sumt það sem farið hefir verið, mátt heita torleiði. En bjarga að hefir verið neistanum, sem glæða má af ljós það er birtu beri þar yfir, sem aldrei hefir bjart orðið yfir áður.

Og hvernig mun verða sagan af þessari tilraun? Mun verða sagt, að enn á ný hafi Íslendingar brugðist íslenskum málstað, og gert þann mann útlægan, sem fyrstur hélt því fram, að þessari útvöldu þjóð væri hlutverk ætlað, sem öllu mannkyni liggur hið mesta við að unnið verði?

Eða verður fegri sögu að segja, sögu af þjóð, sem loksins fór að skilja sjálfa sig, þjóð sem sýndi, að hinn besti sigur er ekki undir vopnum kominn og mannfjölda, heldur undir því, að skilja hvar sannleikurinn er, og vera þar með en ekki móti.

Morgunblaðið 31. ágúst 1919.